

í göngurnar fyrir sanngjarna borgun. Á sama hátt skal útvega hesta, fæði og annað, **141**
sem vantar. 8. júlí

Skylt er hverjum fjallskilaskyldum manni, ef krafizt er, að borga sanngjarnlega ómak og fyrirhöfn hreppsnefndar eða fjallskilastjóra.

7. gr.

28. gr. orðist svo:

Ef enginn rekstrarfær maður er heima, er rekstur kemur á bæ, skal rekstrarmaður skilja úr fé það, er eftir á að verða, en reka svo reksturinn til næsta rekstrarfærs manns. Greiða skal rekstrarmanni þóknun fyrir rekstur umfram eina bæjarleið, er sé kr. 0.70 á einfaldan km, að viðbættri verðlagsuppbót.

Rekstrarmaður fær þóknun sína greidda úr fjallskilasjóði, en fjallskilasjóður innheimtir gjaldið aftur hjá hlutaðeigandi ábúendum eða eigendum, ef um eyðibýli er að ræða.

8. gr.

Við 40. gr.:

Inn í 3. málsg. greinarinnar, á eftir orðunum „50 aurum um sólarhringinn“ bætist: að viðbættri verðlagsuppbót.

9. gr.

Breytingar þessar og viðaukar við fjallskilareglugerð Vestur-Húnavatnssýslu gilda fyrst um sinn, meðan fjárfækkunar gætir af völdum fjárskiptanna, og sýslunefnd hefur ekki gert aðra ákvörðun.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 12 31. maí 1937, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 101 frá 23. júlí 1949, um breytingar og viðauka við fjallskilareglugerð Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 121 frá 24. júlí 1940.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. júlí 1952.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

REIKNINGUR

142

yfir tekjur og gjöld Framfarasjóðs Jóns prófasts Melsteds og
frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteds árið 1951.

Tekjur:

| | |
|--|-------------|
| 1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1951 B., bls. 450) | kr. 6297.68 |
| 2. Óafhentir trjáræktarsjóðir | — 685.88 |
| 3. Vextir árið 1951 af aðalsjóðnum | — 302.26 |
| 4. Vextir árið 1951 af sparisjóðsinnstæðum trjáræktarsjóða | — 23.93 |

Kr. 7309.75

142

| | | G j ö l d : | |
|------------------------|---|-------------|-------------|
| Í sjóði til næsta árs: | | | |
| 1. | Í Söfnunarsjóði | | kr. 6599.94 |
| 2. | Í Landsbankanum: | | |
| a. | Trjáræktarsjóður Úlfljótsvatnskirkjugarðs | kr. 186.64 | |
| b. | — Þingvallakirkjugarðs | — 183.46 | |
| c. | — Hlíðar í Grafningi | — 173.66 | |
| d. | — Keldnakots í Stokkseyrarhreppi . | — 166.05 | |
| | | | — 709.81 |
| | | | Kr. 7309.75 |

Í atvinnumálaráðuneytinu, 5. apríl 1952.

Gunnlaugur E. Briem.

143

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs C. Liebe's árið 1951.

| | | T e k j u r : | |
|----|--|---------------|--------------|
| 1. | Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1951 B., bls. 450): | | |
| | Söfnunarsjóðsinnstæða | | kr. 14738.46 |
| 2. | Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu | | — 707.43 |
| | | | Kr. 15445.89 |
| | | G j ö l d : | |
| 1. | Greitt Búnaðarfélagi Íslands | kr. 636.66 | |
| 2. | Sjóður í árslok: | | |
| | Söfnunarsjóðsinnstæða | | — 14809.23 |
| | | | Kr. 15445.89 |

Í atvinnumálaráðuneytinu, 5. apríl 1952.

Gunnlaugur E. Briem.

144

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðsins Þorvaldarminning árið 1951.

| | | T e k j u r : | |
|----|--|---------------|--------------|
| 1. | Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1951 B., bls. 448): | | |
| a. | Í Söfnunarsjóði | kr. 18453.72 | |
| b. | Í Landsbankanum | — 394.59 | |
| | | | kr. 18848.31 |
| 2. | Vextir: | | |
| a. | Af söfnunarsjóðsinnstæðu | kr. 885.74 | |
| b. | Af bankainnstæðu | — 13.98 | |
| | | | — 899.72 |
| | | | Kr. 19748.03 |